

Kjör Hólabiskups í júní 2022

Þorgrímur Gunnar Daníelsson f. 1964
Sóknarprestur á Grenjaðarstað.

Kvæntur Mjöll Matthíasdóttur, grunnskólakennara.
Synir þeirra: Brandur f. 1990 og Dagur f. 1993.

Menntun:

M.A í kirkjusögu frá Háskóla Íslands, 2020.
Diplóma í mannauðsstjórnun frá HÍ 2009. Lokaverkefni fjallaði um Þjóðkirkjuna.
Cand. Theol. frá Háskóla Íslands, 1993.
Stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri, 1985.

Störf:

Sóknarprestur í Grenjaðarstaðarprestakalli frá 1999.
Framkvæmdastjóri Kirkjumiðstöðvarinnar við Vestmannsvatn 2001 – 2003.
Sóknarprestur Norðfjarðarprestakalli 1993 – 1999.
Bóndi á Tannstöðum í Hrútafirði 1988 – 1993.

Félagsstörf:

Formaður Prestafélags hins forna Hólastiftis frá 2019.
Kirkjuping kjörtímabilin 2006 – 2009 og 2014 – 2017.
Stjórn Prestsetra 2008 - 2009
Formaður nefndar Kirkjuráðs um árangursmat í kirkjustarfi 2006 - 2008
Skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum 2001 – 2013, formaður 2006 – 2013.
Formaður leikdeildar Umf. Eflingar 2007 – 2009.
Ritari Leikfélags Norðfjarðar 1998 – 1999.
Formaður áfallateymis Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað 1997 – 1999.
Stjórn Prestafélags Austurlands 1993-1996.

Kirkjan og framtíðin

Ef ég man rétt voru um 93% Íslendinga meðlimir í Þjóðkirkjunni þegar ég hóf prestskap. Síðan eru liðin tæp þrjátíu ár. Nú eru u.þ.b. 70% Íslendinga í Þjóðkirkjunni. Að vísu er rétt að taka fram að þessi breyting stafar ekki eingöngu af úrsögnum. Fjöldi nýbúa hefur flutt til landsins og fæst þeirra gengið í kirkjuna. Eftir stendur samt að Þjóðkirkjufólki er að fækka. Ekki þarf mikla kunnáttu í tölfræði til að átta sig á örlögum kirkjunnar ef sama þróun heldur áfram.

Ég tel að mikilvægasta verkefni Kirkjunnar á komandi árum sé að stöðva þessa þróun og helst að snúa henni við. *Hér þarf langtíma hugsun.* Við þurfum að spyrja spurninga eins og: Hvaða áhrif mun það sem við gerum í dag hafa eftir þrjátíu ár? Hver eru kjarnaatriði kristindómsins sem við verðum að viðhalda — og hvað skiptir minna máli? Hvernig kirkjustarf vill Þjóðkirkjufólk? Getum við betur höfðað til fólks á hinum mikilvægu mótunarárum milli fermingar og tvítugs? Getum við laðað nýbúa að kirkjunni?

Vígslubiskupinn á Hólum hefur engin formleg völd að heitið geti. Hlutverk hans felst í því að halda góðu sambandi við yfirstjórn kirkjunnar, þekkja til í öllum sóknum biskupsdæmisins, bera umhyggju fyrir, hlusta, ráða heilt og vara við. Ég hygg að hér valdi hver á heldur. Sé þessu hlutverki vel sinnt getur það í raun verið ákaflega miklvægt fyrir kirkjuna.

Að lokum ein brýning: **Kjósum!** Það sýnir styrk Kirkjunnar og skiptir máli að góð þátttaka sé í þeim kosningum sem framundan eru.